FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Menning, saga, ritun og akademískur orðaforði
Námsgrein:	enska
Viðfangsefni:	Menning, akademískur orðaforði, ritun, saga
Skammstöfun:	ENSK3SR05
Þrep:	3
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum er unnið með fjölbreytta og flókna texta, bæði bókmenntalega og fræðilega. Menningarheimar enskunnar kannaðir gegnum bókmenntir, kvikmyndir o.fl. Áfram lögð mikil áhersla á ritun og tjáningu í rituðu máli.
Forkröfur:	5 einingar á hæfniþrepi 3
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • orðaforða í ræðu og riti sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi • helstu menningarsvæðum þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál • ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna í þeim löndum þar sem tungumálið er notað • sögu og menningu á helstu málsvæðum enskunnar
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • lesa sér til gagns texta sem gera kröfur til lesandans, ýmist hvað varðar orðaforða og uppbyggingu eða myndmál og stílbrögð • greina sögulegt, félagslegt, menningarlegt eða pólitískt samhengi texta • skilja vel almennt talað mál við mismunandi aðstæður og nota tungumálið á sveigjanlegan og árangursríkan hátt í samræðum • skrifa margskonar texta, formlega og óformlega, svo til hnökralaust og fylgja helstu ritheðum og reglum um málbeitingu
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • taka fullan þátt í umræðum, skoðanaskiptum og rökræðum um persónuleg, menningarleg, félagsleg og fjölmenningarleg málefni af lipurð og kunnáttu • lesa flóknari texta, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir • flytja vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinagerð, draga fram aðalatriði og rökstyðja mál sitt nokkuð nákvæmlega með dæmum og bregðast við fyrirspurnum • lýsa skýrt og greinilega flóknum hlutum eða ferlum á sviði sem hann hefur kynnt sér

	• skrifa texta með röksemdafærslu þar sem fram koma rök með og á móti og þau eru vegin og metin
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.